



## Metfækkun erlendra ferðamanna í maí

### *Erlendum ferðamönnum fækkaði um næstum 39 þúsund í maí*

Tala erlendra ferðamanna nam rúmum 126 þúsund í maímánuði og dróst fjöldinn saman um nálægt því fjórðung, eða 23,6% miðað við sama mánuð í fyrra. Ekki hefur áður mælst jafn mikil fækkun á 12 mánaða grundvelli og nú í maí. Þessi mikla fækkun kemur í kjölfar 18,5% fækkunar í apríl en frá ársbyrjun hefur erlendum ferðamönnum fækkað um tæplega 89 þúsund miðað við fyrra ár. Gróft áætlað gæti þetta þýtt um 6 milljörðum króna lægri tekjur í ferðapjónustunni innanlands miðað við meðaldvalarlengd ferðamanna í fyrra og meðaleyðslu ferðamanna í gistingu, mat og afþreyingu, samkvæmt könnunum.

Mikill samdráttur í komum erlendra ferðamanna í apríl og maí skýrist fyrst og fremst af brotthvarfi WOW air sem fór í þrot í lok mars og naut félagsins því ekki við í apríl og maí.


### *Fækkun Bandaríkjamanna skýrir helminginn af heildarfækkun ferðamanna*

Fækkun Bandaríkjamanna skýrir rúmlega helminginn af heildarfækkun erlendra ferðamanna í maí. Bandaríkjamönnum fækkaði um 38,7% en þeir hafa verið fjölmennastir erlendra ferðamanna hér á landi síðustu ár. Þannig voru 3 af hverjum 10 erlendum ferðamönnum sem hingað kom á síðasta ári frá Bandaríkjunum.

### *Mun meiri fækkun frá Norður-Ameríku en Evrópu skýrist af WOW air*


Sé horft til hlutfallslegrar fækkunar ferðamanna eftir þjóðerni skera Bandaríkjamenn og Kanadabúar sig verulega frá öðrum þjóðum. Bandaríkjamönnum fækkaði um 38,7% en Kanadabúum um 39%. Ferðamönnum frá Norður-Ameríku fækkaði því um tæplega 39%. Næstmesta fækkunin var hjá Frökkum sem fækkaði um 29%. Alls fækkaði ferðamönnum frá Evrópu um 17%. Mun meiri fækkun ferðamanna frá Norður-Ameríku en Evrópu skýrist helst af

Fjölgun erlendra ferðamanna



Fjölgun á 12 mánaða grundvelli  
Heimild: Ferðamálastofa

Fjölgun erlendra ferðamanna í maí



Heimild: Ferðamálastofa

%




mismikilli hlutdeild WOW air í annars vegar beinu flugi frá Norður-Ameríku og hins vegar Evrópu. Hlutdeild WOW air í beinu flugi til og frá Norður-Ameríku í apríl og maí á síðasta ári var 45%. Hlutdeildin í beinu flugi frá Evrópu var hins vegar mun minni, eða í kringum fjórðung.

Yfir allt árið í fyrra var hlutdeild WOW air um 42% í beinu flugi til og frá Norður-Ameríku og um fjórðungur í beinu flugi til og frá Evrópu. Það sem eftir lifir árs má því að öðru óbreyttu gera ráð fyrir að hlutfallsleg fækkun erlendra ferðamanna verði nokkuð meiri frá Norður-Ameríku en Evrópu.

### **Verður höfuðborgarsvæðið fyrir meira høggi en Austurland og Norðurland?**

Í ljósi þess að hlutdeild gistinátta íbúa Norður-Ameríku á hótélum hér á landi er mismunandi eftir landsvæðum mun brotthvarf WOW air líklegast koma mishart niður á einstökum svæðum. Hlutdeild gistinátta íbúa frá Norður-Ameríku var hæst á höfuðborgarsvæðinu í fyrra, eða 36,7%. Hlutfallið var einnig hátt á Vesturlandi og Vestfjörðum, eða 36,3%. Hlutfallið var langlægst á Austfjörðum eða tæp 24%. Næstlægsta hlutfallið var á Norðurlandi, eða 30,1%. Verði mun meiri hlutfallslegri fækkun frá Norður-Ameríku á þessu ári en öðrum svæðum er því líklegt að það komi harðar niður á svæðum eins og höfuðborgarsvæðinu annars vegar og Vesturlandi og Vestfjörðum hins vegar en á svæðum eins og Austurlandi og Norðurlandi. Í þessu sambandi má benda á að fjölgun gistinátta erlendra ferðamanna á hótélum í apríl reyndist langmest á Austurlandi borið saman við sama mánuð í fyrra. Aukningin var 71% en næstmesta aukningin var á Norðurlandi, eða 25%. Eina svæðið sem upplifði samdrátt var höfuðborgarsvæðið en þar fækkaði gistinóttum um 12% milli ára.

**Hlutdeild Norður-Ameríkubúa í gistinóttum á hótélum 2018**



Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.